

Upplýsingar til nemenda og forráðamanna 8. bekkinga.

Í vetur verður skipulag náttúrufræðinnar þannig að starfsvetrinum er skipt upp í mislangar lotur sem við köllum hlekki. Í hverjum hlekk vinnum við með afmarkaða námsþætti. Ekki verður fylgt námsbókum, heldur valið efni notað til stuðnings í náminu hverju sinni. Um námsmarkmið vísast í skólanámsskrá en við fylgjum nýrri aðalnámsskrá greinasviða þar sem sett eru fram stór hæfniviðmið og munum við nálgast þau eftir bestu getu. Flúðaskóli er heilsueflandi útikennsluskóli og tökum virkan þátt í því starfi sem og að halda áfram með þróunarverkefnið orð af orði og mun náttúrufræðikennslan taka mið af því. Kennara er jafnframt hugleikið að efla gagnrýna hugsun og þælingar sem verður nálgast með aukinni heimspekiumræðu og rökþrautum. Allt þetta styður við grunnþætti menntunar.

Í stundaskrá 8. bekkjar eru náttúrufræði 4 kennslustundir á viku. Ég gef út annarplan sem nemendur fá í hendur. Á [heimasíðunni](#) koma fram allar upplýsingar um námið, auk þess mun ég setja inn nákvæmara heimanám í Mentor. Vonandi getið þið sem flest nýtt ykkur þetta.

Fyrirkomulagið í tímum verður þannig: Á mánudögum er fyrirlestrátími, lagt inn nýtt efni, farið yfir hugtök, sýnikennsla og myndbönd til að auka skilning. Þá eru afhentar glósur sem ætlast er til að nemendur bragðbæti. Spjaldtölvur nýtast vel í þessum tímum en stór hluti fyrirlestra er í nearpod-appi. Á miðvikudögum eru vinnu- og tilraunatímar þá er unnið með námsefnið í gegnum umræður, verkefni, hópavinnu og framkvæmdar tilraunir og athuganir. Í þessum tímum nýtum við okkur stöðvavinnu. Á fimmtudögum er stakur tími sem nýtist í til að skoða blogg færslur, taka kannanir, horfa á fræðslumyndir og fleira. Reyndar er ég einnig að kenna upplýsinga- og tæknimennt á fimmtudögum og munu þeir tímar m.a. styðja við verkefnavinnu í náttúrufræðinni og öðrum fögum auk þess sem við þjálfum tölvufærni á ýmsa vegu.

Í byrjun hvers hlekks er gert hugtakakort með nýjum orðum og tengingum. Þetta skoðum við reglulega og nýtum sérstaklega til að taka saman aðalatriði hlekksins.

Við verðum nokkuð úti við námið, sérstaklega nú í haust og svo þegar vorar. Þá er mikilvægt að koma vel búinn til útiveru.

Heimanámið byggist á því að nemendur haldi úti bogg-síðu með vikulegum færslum. Auk þess getur þurft að klára skýrslur og stærri verkefni heima.

Flúðaskóli leggur áherslu á fjölbreytt námsmat. Við munum skoða: Verkefna- og skýrsluskil, bloggsíðu, hópvinnuverkefni, frammistöðu í hópavinnu og tímum, ástundun, kannanir og próf. Leiðsagnarmat hefur fengið mest vægi og nemendur fá afhenta matslista fyrir hlekkina og flest stærri verkefni.

Í lokin vil ég minna á að viðtalstíminn er á mánudögum kl. 10:55-11:35. Endilega að hafa samband.

Hlakka til samstarfsins.

Kveðja, Gyða Björk.